

Fimmtudaginn 15. október 1998.

Nr. 9/1998.

Stéttarfélag verkfræðinga

(Lára V. Júlíusdóttir hrl.)

gegn

Reykjavíkurborg

(Hjörleifur Kvaran hrl.)

Frávísun.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefnda hinn 12. október sl.

Málið úrskurða Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediksdóttir, Gísli Gíslason og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Stefnandi er: Stéttarfélag verkfræðinga, kt. 620269-6629, Engjateigi 9, Reykjavík.

Stefndi er: Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að Stéttarfélag verkfræðinga fari með samningsaðild fyrir Guðbjart Sigfússon, kt. 110845-3839, Hálsaseli 49, Reykjavík, Þorgeir Þorbjörnsson, kt. 270349-3239, Vallargerði 30, Kópavogi og Heiðar P. Hallgrímsson, kt. 270939-7599, Þykkvabæ 18, Reykjavík við gerð kjarasamninga við Reykjavíkurborg vegna starfa þeirra hjá embætti borgarverkfræðings og að Reykjavíkurborg sé bundin gildandi kjarasamningi milli Stéttarfélags verkfræðinga og Reykjavíkurborgar gagnvart þessum mönnum frá og með 11. júní 1998.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað vegna meðferðar málsins fyrir Félagsdómi, þ.m.t. kostnað stefnanda af virðisaukaskattskyldri lögmannsþjónustu.

Dómkröfur stefnda:

Aðallega að máli þessu verði vísað frá Félagsdómi.

Til vara krefst stefndi sýknu af öllum kröfum stefnanda.

Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt mati Félagsdóms.

Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið.

Ekki er gerð krafa um málskostnað í þessum þætti málsins.

Málavextir.

Málavextir eru þeir að þrír starfsmenn embættis borgarverkfræðings, sem allir eru verkfræðingar og höfðu í mörg ár verið félagsmenn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, sögðu sig úr félaginu og gengu í Stéttarfélag verkfræðinga. Formleg úrsögn þeirra úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar var þann 11. júlí 1998.

Með bréfi lögmanns stefnanda til stefnda, dags. 19. mars 1998, var þess óskað að Reykjavíkurborg viðurkenndi félagatilfærslu þessara þriggja verkfræðinga hjá embætti borgarverkfræðings úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar til Stéttarfélags verkfræðinga. Jafnframt var þess óskað að um launakjör þessara starfsmanna færi samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Stéttarfélag verkfræðinga og að félagsgjöldum af þeim yrði skilað til félagsins.

Með bréfi Reykjavíkurborgar, dags. 3. júní 1998, var því hafnað að greiða mönnum eftir kjarasamningi nýs félags á þeirri forsendu að þeir væru bundnir af kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar til 31. október 2000. Í ljósi þessarar afstöðu stefnda hefur félagsgjöldum verið skilað til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og verður svo til loka sammings tímabils.

Stefnandi fellst ekki á þessi sjónarmið og hefur höfðað mál þetta.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir mál sitt á því að í gildi sé kjarasamningur milli Stéttarfélags verkfræðinga og Reykjavíkurborgar sem stefndi hafi skuldbundið sig til að fara eftir á samningstímabilinu. Allir félagsmenn Stéttarfélags verkfræðinga, sem séu í starfi hjá stefnda, eigi rétt á að fá laun greidd á grundvelli þess sammings. Samningur þessi hafi verið undirritaður af aðilum 1. apríl 1997 og gildir til 31. mars 2000.

Stefnandi vísar til þeirrar grundvallarreglu að mönnum sé frjálst að vera í því félagi sem þeir kjósi. Þessi réttur sé tryggður í 74. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 eins og henni hafi verið breytt með lögum nr. 97/1995. Í 4. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur sé skýrt tekið fram að atvinnurekendum sé óheimilt að hafa áhrif á stéttarfélagsaðild starfsmanna sinna. Atvinnurekendum sé einnig sérstaklega bannað að hafa afskipti af stéttarfélagsaðild starfsmanna sinna, sbr. samþykkt Alþjóðavinnuárástafnunarinnar

nr. 98. Mannréttindasáttmáli Evrópu, sem hér hafi hlotið lagagildi með lögum nr. 62/1994, verndi einnig félagafrelsi einstaklinga.

Tilvísun stefnda í lög nr. 80/1938 um að stefndi sé bundinn af kjarasamningi hans við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar út samningstímabil aðila eða til 31. október 2000 hafi hér enga þýðingu. Lög nr. 80/1938 gildi ekki um félagsmenn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, heldur gildi um þeirra kjarasamninga lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Hvergi í þeim lögum sé kveðið á um það að menn séu bundnir af samþykktum félagi út samningstímabil. Engin ákvæði í kjarasamningnum sjálfum kveði heldur á um þetta eða ákvæði í lögum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Löggjöfnun eigi hér ekki við. Hömlur á félagafrelsi verði að túlka þröngt út frá almennum lögskýringarreglum þar sem slíkt sé undantekning frá meginreglum um félagafrelsi. Ofangreindum starfsmönnum borgarverkfræðings sé því frjálst að segja sig úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og ganga í Stéttarfélag verkfræðinga. Stefnda beri að virða gerða kjarasamninga og greiða þeim laun samkvæmt því strax frá þeim degi sem umrædd skipti hafi verið tilkynnt atvinnurekanda, enda kveði lög ekki á um aðra skipan.

Stefnandi vísar í dóm Félagsdóms í málinu nr. 16/1995, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga gegn borgarstjóranum í Reykjavík f.h. Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og málinu nr. 9/1997, Sjúkraliðafélag Íslands gegn Reykjanesbæ og Starfsmannafélagi Reykjanesbæjar. Þar hafi réttur starfsmanna til að tilheyra fagfélagi stéttar fremur en starfsmannafélagi verið viðurkenndur.

Stefndi hafi í kjölfar ofangreindra dóma í nokkrum tilvikum heimilað flutning fyrrum félagsmanna Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar yfir í stéttarfélög faghópa. Þannig hafi yfirmaður þjónustudeildar Dagvistar barna flust úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar yfir í stéttarfélag félagsráðgjafa og hafi stefndi samþykkt þann flutning þótt hann hafi farið fram á gildistíma kjarasamnings stefnda og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Það að heimila einum starfsmanni flutning og banna öðrum sé brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og stjórnarsýslulögum.

Þess er krafist að frá þeim degi er viðkomandi starfsmenn tilkynntu stefnda formlega um félagaskipti sín, sbr. bréf dags. 11. júní

1998, verði þeim greitt skv. kjarasamningi stefnanda og stefnda. Félagaskiptin áttu sér stað fyrr, en þau voru ekki tilkynnt formlega fyrr en með bréfum þann 11. júní 1998.

Kröfu um málskostnað styður stefnandi við 21. kafla einkamála-laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda vegna frávísunarkröfu.

Kröfu um frávísun máls þessa byggir stefndi á því að stefnandi hafi einungis stefnt Reykjavíkurborg til að þola dóm í máli þessu en ekki Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Dómkröfur stefnanda í máli þessu séu hins vegar þess eðlis að þær muni hafa bindandi áhrif fyrir Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og hljóti því að vera óhjákvæmilegt að stefna þeim aðila samhliða Reykjavíkurborg, sbr. 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Með bréfi stefnda til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, dags. 3. september 1998, hafi verið leitað eftir afstöðu til þeirra álitafna sem um ræðir í máli þessu. Í svarbréfi lögmanns Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, dags. 7. september 1998, komi fram að þar sem félagið sé ekki aðili að málinu geti dómur í því ekki verið bindandi fyrir félagið. Í ljósi þess að stefndi hafi hafnað því að um launakjör umræddra starfsmanna embættis borgarverkfræðings skuli fara samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Verkfræðingafélags Íslands hafi stéttarfélagsgjöldum verið skilað til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, enda sé kjarasamningur þess félags lagður til grundvallar launakjörum umræddra starfsmanna. Það sé því ljóst að Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar eigi ríkra hagsmuna að gæta við úrlausn þessa máls og útilokað sé að Félagsdómur geti, án aðildar þess félags að þessu dómsmáli, kveðið upp dóm sem hafi bindandi áhrif fyrir það. Fjölmargir dómar Félagsdóms staðfesta nauðsyn þess að það stéttarfélag sem fari með samningsumboð fyrir starfsmenn eigi aðild að málum fyrir dóminum.

Um lagarök fyrir frávísunarkröfu vísar stefndi m.a. til III. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 18. gr.

Rökstuðningur stefnanda gegn frávísunarkröfu stefnda.

Stefnandi byggir á því í þessum þætti málsins að hafna beri frávísunarkröfu stefnda vegna vanreifunar. Ákvæði 18. gr. laga nr. 91/1991 um samaðild eigi ekki við og stefndi hafi ekki skýrt það með hvaða hætti niðurstaða dóms í máli þessu eigi að vera bindandi fyrir Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, sem ekki sé aðili málsins.

Niðurstaða þessa máls hafi enga þýðingu fyrir Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og aðild félagsins að málinu því óþörf.

Niðurstaða.

Ágreiningslaust er með aðilum að tilgreindum þremur verkfræðingum, sem hjá embætti borgarverkfræðings starfa, hafi verið frjálst að segja sig úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og ganga í Stéttarfélag verkfræðinga.

Í bréfi lögmanns Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar til borgarlögmanns, dags. 7. september sl., kemur fram sú afstaða að kjarasamningur starfsmannafélagsins og Reykjavíkurborgar sé bindandi fyrir nefnda starfsmenn embættis borgarverkfræðings til októberloka árið 2000. Sú krafa stefnanda í máli þessu sem lýtur að því að stefndi sé bundinn gildandi kjarasamningi milli Stéttarfélags verkfræðinga og Reykjavíkurborgar gagnvart þessum mönnum frá og með 11. júní 1998 kann að varða hagsmuni Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar með þeim hætti að nauðsyn beri til að sá aðili eigi einnig aðild að máli þessu. Ber því að fallast á kröfu stefnda um frávísun málsins.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður í þessum þætti málsins.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Málskostnaður fellur niður.
